



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/865
komudagur 9.12.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2010 02-2010120119
T-ums 86/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988,
um virðisaukaskatt - rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana - 208. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. desember 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að ætlunin sé að styrkja framkvæmd virðisaukaskattslaganna og aðlaga þau að þeim breytingum sem hafa orðið t.a.m. á sviði rafrænnar sölu á vöru og þjónustu. Þá hefur frumvarpið að geyma úrræði til að bregðast við áætlunum hjá aðilum á virðisaukaskattsskrá. Breytingarnar eiga að stuðla að skilvirkara skatteftirliti og koma í veg fyrir að aðilar sæti ítrekað áætlunum.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri koma á eftirfarandi athugasemdum:

Rafræn afhent þjónusta

Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á c- og d-liðum í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna á þann veg að gagnavinnsla og upplýsingamiðlun falli undir c-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. og að í d-lið komi hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ í stað „tölvuþjónusta“. Þá er jafnframt að finna ákvæði þess efnis að þjónusta þessi teljist ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Í fljótu bragði virðist sem að hugtakið „rafrænt afhent þjónusta“ rúmi allt það sem núgildandi d-liður 1. mgr. 12. gr. laganna hefur að geyma en ekki er ljóst hvort og þá hvaða áhrif flutningur á orðunum „gagnavinnsla og upplýsingamiðlun“ í c-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. hefur í för með sér. Ríkisskattstjóri telur þrátt fyrir þessa óvissu að umræddar breytingar séu jákvæðar og til þess fallnar að koma í veg fyrir mögulega tvísköttun.

Áætlanir í virðisaukaskatti

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisskattstjóri geti synjað aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá hafi opinber gjöld hans verið áætluð á einhverjum næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu. Jafnframt verður heimilt að fella skráðan aðila af virðisaukaskattsskrá hafi hann sætt áætlun virðisaukaskatts samfellt í tvö ár eða lengur. Ennfremur er lagt til að þeim sem sæta áætlun verði gert að greiða sérstakt gjald fyrir hverja áætlun s.k. uslagjald. Frá gildistöku laga um virðisaukaskatt hafa áætlanir vegna vanskila á virðisaukaskattsskýrslum verið miklar. Skattyfirvöld hafa hingað til ekki haft þau verkfæri sem nauðsynleg eru til að stemma stigu við þessum mikla fjölda áætlana.



Ríkisskattstjóri fagnar því þeim leiðum sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur þau vænleg til árangurs en sambærileg úrræði hafa verið í gildi í nágrannalöndum okkar.

Heimildir til færslu innskatts


Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimildir til innskattsfrádráttar verði skilyrtar við það að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti fara fram. Ríkisskattstjóri væntir þess að breytingin muni hvetja kaupendur til að eiga eingöngu viðskipti við skráða aðila. Ríkisskattstjóri hefur til nokkurra ára boðið upp á uppflettingar á virðisaukaskattsnúmerum með upplýsingum um hvort þau séu lokuð eða opin.


Afgreiðslufrestir

Ríkisskattstjóri fagnar þeim tillögum sem gera ráð fyrir því að afgreiðslufrestir á hefðbundnu virðisaukaskattsskýrslum annars vegar og endurgreiðsluskýrslum samkvæmt sérreglum hins vegar verði lengdir. Álag á skattyfirvöld hefur aukist til muna síðustu árin sem bæði má rekja til fækkunar starfsmanna sem og aukins málafjölda á sviði endurgreiðslna.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þóroarson


Guðrún J. Jónsdóttir